

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

LANDSNET

NÝTT FYRIRTÆKI Í MÓTUN

Hafðu áhrif á framtíð orkuviðskipta

Við leitum að orkuboltum til að móta nýtt fyrirtæki og stýra því

Spennandi kafli í sögu íslenskra orkuviðskipta er að hefjast með stofnun nýs fyrirtækis sem mun reka heildsölumarkað raforku. Fyrirtækið verður sjálfstætt og þar verða spennandi störf við innleiðingu nýrra aðferða í orkuviðskiptum hérlandis.

Heildsölumarkaður raforku skilar neytendum hagkvæmasta verði hverju sinni og verður um leið lykilhlekkur í orkuöryggi og gagnsæi orkuverðs. Við leitum að öflugum, skapandi og lausnamiðuðu fólki til að taka þátt í undirbúningi og rekstri fyrirtækisins.

Framkvæmdastýra/-stjóri

Undirbúningur og innleiðing heildsölumarkaðar raforku í samstarfi við hagaðila raforkumarkaðarins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, færni í ræðu og riti.
- Frumkvöðlahugsun, leiðtogafærni, samskiptahæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðuð hugsun.
- Þekking og reynsla úr atvinnulífi og viðskiptum.

Sérfræðingur

Þróun og greiningar vegna hönnunar og innleiðingar heildsölumarkaðar raforku.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Frumkvöðlahugsun, leiðtogafærni, samskiptahæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðuð hugsun.
- Þekking og reynsla af þróun, greiningu og innleiðingu breytinga.

Allar umsóknir eru trúnaðarmál og þeim verður svarað að ráðningu lokinni. Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran, thelma@intellecta.is og Einar S. Einarsson framkvæmdastjóri Stjórnunarviðs Landsnets, einare@landsnet.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2022.

Umsóknir óskast fylltar út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Fjölskyldusvið Seltjarnarnesbæjar

Félagsráðgjafi - laust starf

Fjölskyldusvið Seltjarnarnesbæjar auglýsir eftir félagsráðgjafa í fullt starf.

Helstu verkefni og ábyrðarsvið

- Félagsleg ráðgjöf, þjónusta og stuðningur við einstaklinga.
- Móttaka, skráning, könnun og eftirfylgni mála.
- Barnavernd.
- Vinna með einstaklingum, fjölskyldum og samstarfsaðilum vegna vinnslu mála.
- Þverfagleg teymisþátttaka.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið félagsráðgjafi.
- Meistarapróf í félagsráðgjöf er æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum, samstarfi og teymisvinnu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn ásamt fylgiskjöllum skal skilað á **Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar** undir **www.seltjarnarnes.is – Störf í boði**. Þar má einnig finna ítarlegri kynningu á starfinu og starfssviðinu.

Umsóknarfrestur er t.o.m. 4. júlí 2022.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Seltjarnarnesbæjar og viðkomandi stéttarfélags. Jafnlaunavottun er í gildi hjá Seltjarnarnesbæ.



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

Laus staða við bókasafnið í Vogum

Bókasafnið í Sveitarfélaginu Vogum, Lestrarfélagið Baldur, óskar eftir að ráða starfsmann á bókasafn í 50% starf. Bókasafnið er starfrækt í Stóru-Vogaskóla og er skólasafnið hluti af því.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Annast upplýsingagjöf og afgreiðslu.
- Móttaka og frágangur safnkosts.
- Leiðbeina og veita safngestum og nemendum aðstoð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Áhugi og þekking á bókmenntum og útgáfu.
- Góð íslenskukunnátta, annað tungumál er kostur.
- Tölvukunnátta og færni í netnotkun.
- Nákvæmni, samviskusemi og góð samskiptafærni er nauðsyn.
- Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum.
- Ábyrgð og stundvísí.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi sveitarfélags við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 30. júní og skulu umsóknir berast á netfangið hilmar@vogar.is

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 440-6250/844-6764.

Fjármála- stjóri

Auglýsingastofan Pipar\TBWA leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf fjármálastjóra. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað.

Starfið felst í umsjón og ábyrgð bókhalds og fjármála, áætlanagerð og eftirfylgni með áætlunum. Einnig kemur viðkomandi að hvers kyns greiningum tengdum rekstri.

Viðkomandi gefst tækifæri til að þróa og innleiða nýja ferla sem bæta vinnulag og upplýsingagjöf. Starfið krefst mikilla samskipta við stjórnendur og starfsfólk.

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á daglegri fjármálastjórn.
- Umsjón, ábyrgð og eftirfylgni með fjárhags- og rekstraráætlunum.
- Ábyrgð á fjárstýringu, greiðsluflæði og innheimtu.
- Greiningarvinna og gerð stjórnenda-upplýsinga.
- Kostnaðareftirlit og gerð verkferla.
- Umsjón og ábyrgð á milli- og ársuppgjörum.
- Umsjón og eftirfylgni með tímaskráningum og verkbókhaldi.
- Aðkoma að fjölbreyttum verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta og/eða rekstrar. Meistarapróf æskilegt.
- 3–5 ára reynsla af sambærilegu starfi.
- Góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Reynsla af greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Þekking og reynsla af DK er kostur.
- Reynsla af alþjóðlegum viðskiptum er kostur.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af umbótaverkefnum og sjálfvirknivæðingu.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hóp.

Umsóknarfrestur um er til og með **27. júní nk**. Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Pipar\TBWA er alþjóðleg auglýsingastofa með skrifstofur í Reykjavík og Osló. Stofan og dótturfélög eru með alþjóðleg verkefni á Norðurlöndum, Evrópu og N-Ameríku. Einkennismerki okkar er Disruption® en með því stefnumótunartóli aðstoðum við vörumerki við að feta ótroðnar slóðir og skapa sérstöðu. Við leggjum áherslu á gæði og árangur með það að leiðarljósi að vera sveigjanlegur og fjölskylduvænn vinnustaður. Því til viðbótar er að sjálfsögðu alltaf gaman í vinnunni!

Umsjón með starfinu hafa
Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is)
og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is)

Pipar\TBWA

vinnvinn



Iceland Westfjords Seafood ehf. var stofnað árið 2014 og er sölu- og markaðsfyrirtæki á sjávarafurðum í eigu stærstu sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum. Félagið hefur sérhæft sig á ákveðnum markaðssvæðum erlendis með tiltekna vörutegundir í fararbroddi.

Umsókn skal fylgja ferilsskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hefur Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

Framkvæmdastjóri

Iceland Westfjords Seafood ehf. leitar að öflugum, drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að annast daglegan rekstur félagsins. Verkefni eru afar fjölbreytt og krefjast þau hæfni í mannlegum samskiptum ásamt færni í rekstri, fjármálum og upplýsingatækni.

Helstu verkefni:

- Umsjón með daglegum rekstri fyrirtækisins.
- Stefnumótun félagsins í samstarfi við stjórn, útfærsla og framkvæmd.
- Samskipti og tengsl við hagaðila.
- Öflun og yfirumsjón með sölu- og sölusamningum félagsins.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri.
- Reynsla af fjármálum, markaðsstarfi og/eða upplýsingatækni er kostur.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum, lipurð og jákvætt viðmót.
- Skilvirk vinnubrögð, yfirsýn og frumkvæði.
- Færni í að tjá sig í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.

Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og heyrir undir innviðaráðuneytið.

Hjá stofnuninni ríkir góður starfsandi og í boði er góð starfsaðstaða. Nánari upplýsingar má finna á www.skipulag.is.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

Skipulagsstofnun óskar eftir að ráða sviðsstjóra sviðs aðalskipulags og sviðsstjóra sviðs stefnumótunar og miðlunar.

Leitað er að einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við fjölbreytt verkefni, hafa áræði og þekkingu til að leiða verkefni og getu til að leysa verk á eigin spýtur og í samstarfi við aðra.

Sviðsstjóri aðalskipulags

Meðal helstu verkefna sviðsins eru leiðbeiningar til sveitarfélaga um gerð aðal- og svæðisskipulags og afgreiðsla aðal- og svæðisskipulagstillagna.

Helstu verkefni

- Forysta og dagleg stjórnun sviðsins.
- Leiðbeiningar til sveitarfélaga og ráðgjafa þeirra um gerð aðal- og svæðisskipulags.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð stofnunarinnar.
- Afgreiðsla aðal- og svæðisskipulags.

Sviðsstjóri stefnumótunar og miðlunar

Meðal helstu verkefna sviðsins er landsskipulagsstefna og strandsvæðisskipulag auk miðlunar og kynningarmála.

Helstu verkefni

- Forysta og dagleg stjórnun sviðsins.
- Vinna að gerð og framfylgd landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulags.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð stofnunarinnar.
- Viðburðahald og útgáfa á vegum stofnunarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur fyrir bæði störfin:

- Meistarapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfileikar, færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Hæfni til að hagnýta þekkingu og reynslu í ólíkum verkefnum.
- Frumkvæði, skapandi hugsun og metnaður til að ná árangri.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti og góð enskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk. Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Software quality assurance at the Blue Lagoon

Software Tester at Blue Lagoon Iceland

We are looking for a full-time Software Tester to join our Internal Development team at the Blue Lagoon Iceland. An ideal candidate is result-driven and detail-oriented. The candidate will be responsible for testing our software products, diagnosing issues, collaborating with others to find solutions and documenting test results. Independent and disciplined work ethic, communication and analytical skills are required. This candidate will work in our **headquarters in Urriðaholt, Garðabær**, with product owners, specialists and developers to ensure that we are delivering high quality products to our operational units.

This is a new position within our team so the candidate will be required to implement QA processes and set up test environments/test data in our systems.



Learn more about the job at storf.bluelagoon.is or by scanning the QR code. **We are accepting applications until July 1.**

Requirements

- Bachelor's degree in Computer Science or comparable education and 5 years of experience in a similar position
- ISTQB certification required
- Knowledge of Business Central 20+ / LS Retail products or similar software is a plus
- General knowledge of SQL and API testing is a plus

Duties

- Execute manual test plans, automated test scripts, record results, report exceptions and describe software faults in written bug reports
- Communicate with developers and users to resolve and debug issues

BLUE LAGOON
ICELAND

Fjölbreytt starf

fyrir mannauðsráðgjafa



Félagsvísindasvið Háskóla Íslands leitar að mannauðsráðgjafa í mannauðs- og samskiptateymi sviðsins.

Hlutverk mannauðsráðgjafans er að taka þátt í að efla vinnustaðamenningu og mannauð, bæta samskipti og starfsumhverfi með faglegum ráðningum. Vinna ásamt öðru starfsfólki að skilvirkum ferlum og þjónustumiðaðri nálgun. Einnig er um þátttöku og samstarf að ræða í þeim verkefnum sem mannauðs- og samskiptateymið sinnir og ábyrgð á skilgreindum verkþáttum innan þess.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinnustaðamenning og samskipti innan sviðs
- Þjónusta, ráðgjöf og upplýsingamiðlun til starfsfólks, m.a. vegna ráðninga, kjaramála og starfsþróunar
- Samskipti við kennara og einingar innan HÍ vegna rannsóknarmissera
- Staðgengill mannauðsstjóra
- Þátttaka við gerð auglýsinga og ráðningasamninga
- Þátttaka í gerð verkferla á sviði mannauðsmála
- Önnur tilfallandi verkefni innan mannauðs- og samskiptateymis

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í mannauðsstjórnun eða skyldum greinum
- Haldbær reynsla af mannauðsmálum og ráðgjöf sem þeim tengjast
- Góð almenn tölvufærni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli
- Reynsla af því að koma fram og halda kynningar er kostur
- Þjónustulund og góð samskiptahæfni, ásamt frumkvæði og sveigjanleika í starfi

Umsóknafrestur er til og með 20. júní 2022.

Starfshlutfall er 100% og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 2. ágúst nk. Sótt er um starfið á www.hi.is eða www.starfatorg.is. Nánari upplýsingar veitir Sigríður Björk Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri, sigridurbg@hi.is eða í síma **7817262**.



E. SIGURÐSSON
BYGGINGARFÉLAG

Störf í boði

Við hjá E. Sigurðsson byggingarfélagi óskum eftir ábyrgðarfullum og kraftmiklum smiðum sem eru lærðir eða með mikla reynslu af byggingarvinnu sem vilja bætast í hópinn hjá framsæknu fyrirtæki á sviði byggingarlausna.



E. SIGURÐSSON
BYGGINGARFÉLAG

E. Sigurðsson hefur verið starfandi í 15 ár og vegna fjölda verkefna sem bíða okkar viljum við fá fleiri í lið með okkur til þess að takast á við ný og spennandi verkefni. Hjá fyrirtækinu starfa hátt í fjórða tug manns og er megináherslan lögð á gott starfsumhverfi.

Smiður

Menntunar- og hæfniskröfur

- Mikil reynsla af smíðavinnu skilyrði
- Sveinspróf eða meistaraþróf æskilegt
- Bílpróf, meiraþróf og vinnuvélaréttindi er kostur
- Góð þjónustulund
- Stundvísi/áreiðanleiki og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði og nákvæmni
- Tölvukunnátta

Stutt Starfslýsing / Helstu verkefni

- Vinna við nýbyggingar
- Klæðningar, gluggaísetningar og innanhúsfrágangur
- Verkefni á sviði viðhalds og endurnýjunar

Verkefnastjóri Byggingarframkvæmda

Menntunar- og hæfniskröfur

- Farsæl reynsla af verkefnastjórn við byggingaframkvæmdir mikill kostur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. verk-, tækni-, eða byggingafræði eða tækniþræðimenntun
- Áreiðanleiki, nákvæmni vönduð vinnubrögð
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Góð tök á íslensku og ensku
- Framúrskarandi tölvukunnátta, Excel, Microsoft 365 og Share-Point

Stutt Starfslýsing / Helstu verkefni

- Verkefnastjórnun
- Undirbúningur og stjórnun verkefna
- Umsjón með fjármálum verkefna, þ.m.t áætlunargerð og eftirfylgni og gerð vinnuskýrsla
- Tilboðsgerð og samningagerð
- Hönnunarrýni verklýsinga og teikninga
- Gæðastýring, verkeftirlit og úttektir
- Samskipti við birgja og verkkaupa/eftirlitsaðila

Allar umsóknir skulu berast á thjonusta@esigurdsson.is – **Umsóknarfrestur er til 27.06.2022**
Hægt er að hafa samband í síma 519-7272 fyrir frekari upplýsingar



SKAFTÁRHREPPUR

Sveitarstjóri Skaftárhrepps

Skaftárhreppur óskar eftir að ráða sveitarstjóra. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir framsækni, krafti og metnaði til að stýra starfsemi sveitarfélagsins og leiða áframhaldandi uppbyggingu þess.

Starfssvið sveitarstjóra:

- Ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og starfsmannamál
- Undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og nefnda
- Hagsmunagæsla og samskipti við íbúa, stofnanir, samtök og fyrirtæki
- Leiða uppbyggingu og eflingu atvinnulífs á svæðinu
- Vinna að stefnu og framtíðarsýn í málefnum sveitarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Reynsla af störfum á sveitarstjórnarstigi er æskileg
- Þjónustulund ásamt framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi og reynsla á uppbyggingu og eflingu atvinnulífs
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Skaftárhreppur býr yfir fjölbreyttum tækifærum í leik og starfi fyrir fólk á öllum aldri. Í Skaftárhreppi er samfélagið fjölskylduvænt með um 650 íbúa, þar af 212 manns í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri. Þar má finna alla nauðsynlega þjónustu, s.s. verslun, heilsugæslustöð, hjúkrunar- og dvalarheimili, leikskóla, grunnskóla, bókasafn, kaffihús og íþróttamiðstöð með glæsilegu íþróttahúsi, sundlaug og tækjasal. Skaftárhreppur er frábær staður til að njóta útivistar þar sem stutt er í margar þekktustu náttúruperlur á Íslandi. Einkunnarorð Skaftárhrepps eru: **virðing, samstaða, jákvæðni og sjálfbærni.**

Nánari upplýsingar má finna á www.klaustur.is.

Umsóknarfrestur er til og með **4. júlí 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og með henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga

Staða bæjarstjóra hjá Sveitarfélaginu Vogum er laus til umsóknar.

Leitað er að kraftmiklum aðila til að leiða áframhaldandi uppbyggingu í ört stækkandi sveitarfélagi.

Helstu verkefni

- Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og skal sjá um að stjórnsýsla þess samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náíð samstarf við bæjarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður bæjarstjórnar og vinna að framfara- og markaðsmálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins og sóknarhugur í atvinnumálum
- Reynsla af stefnumótun, markaðs- og kynningarmálum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði, skipulagshæfni og metnaður til árangurs



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

Sveitarfélagið Vogar er næst landstærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum með 1.370 íbúa og fer ört stækkandi. Sveitarfélagið Vogar er mjög vel staðsett í nágrenni við þjónustu og vinnumarkað höfuðborgarsvæðisins, en býður upp á rólegt og vinallegt umhverfi þar sem stutt er í náttúruna. Framundan er mikil uppbygging, svo sem í tengslum við nýtt hverfi, sem fullbyggt mun að minnsta kosti tvöfalda íbúafjölda sveitarfélagsins. Innan sveitarfélagsins er öflugt íþrótta- og æskulýðsstarf.



Sótt er um starfið
á hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með **10. júlí nk.**

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is, og Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, yrsa@hagvangur.is.



Sveitarstjóri Húnabyggðar

Sveitarstjórn Húnabyggðar óskar eftir að ráða sveitarstjóra. Húnabyggð er nýtt sveitarfélag sem varð til við sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps árið 2022. Leitað er að metnaðarfullum og kraftmiklum aðila til að leiða áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og sér um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum og samþykktum
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náð samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum
- Leiða vinnu við stafræna vegferð sveitarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálum
- Reynsla af stefnumótun, kynningar- og ímyndarmálum
- Áhugi á og reynsla af eflingu atvinnulífs til að stuðla að vexti samfélagsins
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum ásamt þjónustulund
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð þekking á sveitarstjórnarmálum ásamt lögum og reglugerðum í opinberri stjórnsýslu
- Óflekkað mannorð



Íbúar sveitarfélagsins eru um 1320, þar af búa líðlega 900 í þéttbýlinu Blönduósi. Sveitarfélagið samanstendur af þéttbýliskjarnanum Blönduósi og víðfeðmum, gróskumiklum sveitum. Stærð sveitarfélagsins er rúmlega 4000 ferkílómetrar. Í þéttbýlinu Blönduósi er grunn- og leikskóli, íþróttastaða, sundlaug, slökkvistöð og skrifstofa sveitarfélagsins, heilsugæsla og margs konar önnur þjónusta. Á Húnavöllum er rekinn grunn- og leikskóli á vegum nýja sveitarfélagsins. Húnabyggð er öflugt og fjölbreytt samfélag með litskrúðugu mannlífi og atvinnulífi sem og miklum möguleikum til uppbyggingar ásamt margvíslegum tækifærum. Í Húnabyggð er fjölskylduvænt samfélag með hátt þjónustustig og metnaðarfullt leik- og grunnskólastarf. Möguleikar til útivistar, íþróttaiðkunar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir í sveitarfélaginu fyrir íbúa þess og gesti.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is, og Þórdís Sif Arnarsdóttir, thordis@hagvangur.is.

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til **3. júlí nk**. Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.



Sveitarstjóri Rangárþings ytra

Staða sveitarstjóra Rangárþings ytra er laus til umsóknar. Leitað er að drifandi stjórnanda til að leiða áframhaldandi uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Helstu verkefni

- Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náð samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vinna að framfaramálum þess og vera talsmaður sveitarstjórnar
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtast í starfi
- Reynsla af stjórnun, rekstri og bókhaldi
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum ásamt þjónustulund
- Áhugi og reynsla af eflingu atvinnulífs til að stuðla að vexti samfélagsins
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Æskilegt að hafa þekkingu á og reynslu af lögum og reglugerðum í opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af störfum á sveitarstjórnarstigi er æskileg
- Æskilegt er að sveitarstjóri sé búsettur í sveitarfélaginu



Rangárþing ytra
Fyrir okkur öll!

Rangárþing ytra er sveitarfélag í örum vexti, staðsett í hjarta Suðurlands og skartar mörgum af fegurstu náttúruperlum Íslands. Sveitarfélagið er landstórt með um 1.840 íbúa og hefur þeim farið fjölgandi. Stærsti þéttbýliskjarninn er Hella þar sem um 1.000 manns búa. Dreifbýlið er blómlegt með öflugum landbúnaði, hestamennsku og vaxandi ferðaþjónustu. Mikil uppbygging hefur verið í öllu sveitarfélaginu undanfarin ár. Atvinnulífið er öflugt með fjölbreyttum möguleikum, m.a. í ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og landbúnaði.

Sveitarfélagið rekur grunn- og leikskóla bæði á Hellu og Laugalandi og sundlaugar á báðum stöðum, ásamt því að reka íþróttahús á Hellu, Laugalandi og í Pykkvabæ. Hafnar eru framkvæmdir við uppbyggingu nýs skólahúsnæðis á Hellu, sem felur í sér viðbyggingu við grunnskólann og byggingu nýs leikskóla og tónlistarskóla, en allir skólarnir verða samtengdir. Samhliða verður íþróttaaðstaða utandyra endurnýjuð.

Rangárþing ytra er skilgreint sem heilsueflandi samfélag og eru einkunnarorð þess „fyrir okkur öll“.



Sótt er um starfið
á hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með **27. júní nk.**

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veita Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is, og Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is.

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar



Leitað er að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi með farsæla reynslu af stjórnun og rekstri. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna fagsviða, stoðdeilda og stofnana og starfar í umboði og nánú samstarfi við kjörna fulltrúa í bæjarstjórn. Mosfellsbær er sjöunda stærsta sveitarfélagið á Íslandi. Meðal verkefna framundan er að stýra rekstri bæjarins í gegnum vaxtartímabil og sjá til þess að á sama tíma verði veitt nútímaleg gæðaþjónusta í öllum málaflokkum.



Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náð samstarf við bæjarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs
- Innleiðing stafrænna þjónustuleiða og þjónustustýringar
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við íbúa, hagsmunaaðila, fyrirtæki og stofnanir
- Að gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður bæjarstjórnar þegar það á við og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna í stjórnun og framkvæmd ólíkra málaflokka
- Seta í stjórnun og ráðum fyrir hönd sveitarfélagsins

Lýðheilsa, lýðræði, nýsköpun og umhverfismál eru höfð að leiðarljósi í allri starfsemi Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær er framsækið og nútímalegt bæjarfélag í útjaðri höfuðborgarsvæðisins þar sem finna má aðlaðandi menningar- og félagslíf, fjölbreytta möguleika til útivistar og fjölskylduvænt umhverfi. Í Mosfellsbæ búa um 13 þúsund íbúar og þeim hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Sveitarfélagið er stærsti vinnuveitandinn í bænum með um 950 starfsmenn í 22 stofnunum og starfsstöðvum. Þar á meðal eru fimm grunnskólar og átta leikskólar ásamt tveimur íþróttamiðstöðvum. Nánari upplýsingar um rekstur og þjónustu Mosfellsbæjar er að finna á www.mos.is.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og þjónustu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af kynningar- og ímyndarmálum sem og stefnumótun
- Áhugi og reynsla af eflingu atvinnulífs til að stuðla að vexti samfélagsins
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði og þjónustulund
- Framúrskarandi hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk.

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

Þórdís Sif Arnarsdóttir, thordis@hagvangur.is

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar óskar eftir að ráða bæjarstjóra. Leitað er að kraftmiklum, drífandi og framsæknum aðila til að leiða vinnu við uppbyggingu og umbætur.

Helstu verkefni

- Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og skal sjá um að stjórnsýsla þess samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við bæjarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður bæjarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og straumlínustjórnun
- Áhugi og reynsla af eflingu atvinnulífs
- Þekkja vel lög og reglugerðir í opinberri stjórnsýslu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni, framsækni og nýskapandi hugsun
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Víðtækt tengslanet



HVERAGERÐISBÆR

Hveragerði er sveitafélag í örum vexti og sóknarhug. Íbúar eru nú rúmlega 3000 og fjölgar ört. Umhverfið í Hveragerði er umlukið náttúruperlum. Fallegar gönguleiðir eru í og við bæinn og í hjarta bæjarins er hverasvæðið sem á fáa sína líka í heiminum. Hveragerði er kraftmikið samfélag sem leggur áherslu á menningu og lýðheilsu. Í bænum eru öflugar menntastofnanir, blómleg ferðaþjónusta og mikil tækifæri til vaxtar.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með **30. júní nk.**

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is, og Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is.

hagvangur.is



Fjármálastjóri

Fasteignafélagið Íþaka leitar að fjármálastjóra sem sýnir frumkvæði, hefur metnað og kraft til að hrinda verkefnum í framkvæmd. Helstu verkefni eru fjármálastjórnun og miðlun fjárhagsupplýsinga, fjármagnsskipan félagsins, áætlanagerð og kostnaðarstýring, samskipti við viðskiptamenn, fjármálastofnanir og endurskoðendur. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra. Um er ræða spennandi og krefjandi starf hjá vaxandi fasteignafélagi.

Meðal verkefna fjármálastjóra

- Rekstrar- og fjárfestingaáætlanir
- Undirbúningur endurskoðunar og reglubundin uppgjör
- Aðstoð við undirbúning stjórnarfundar
- Greining á leiguverði fasteigna og þróun á líkönum
- Mat á arðsemi nýrra fjárfestingaverkefna
- Umsjón með innleiðingu og þróun UT verkefna

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. í fjármálum og reikningshaldi
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af reikningshaldi og uppgjörum
- Áhugi á nýtingu tækni til aukinnar skilvirkni
- Færni í mannlegum samskiptum



Íþaka ehf. er fasteignafélag sem rekur og leigir út atvinnuhúsnæði, byggir upp lóðir og þróa lausnir til að mæta húsnæðisþörf fyrirtækja. Íþaka leggur áherslu á skilvirkni og skjóta þjónustu, heilnæmt, sveigjanlegt og umhverfisvottað húsnæði sem uppfyllir þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma. Aðalsmerki okkar eru gæði, traust, fágun og sveigjanleiki. Sjá nánar á ithaka.is.



Sótt er um störfín á hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með **11.07.2022**.

Upplýsingar veita Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, yrsa@hagvangur.is, og Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

hagvangur.is



EMPOWER *Now*

ARE WE LOOKING FOR YOU?

- **DIGITAL PRODUCT DESIGNER**
- **CONTENT CREATOR**
- **JUNIOR CONTENT CREATOR**
- **FULL STACK DEVELOPERS**
- **JUNIOR DEVELOPERS**

**JOIN US ON OUR JOURNEY
FOR MORE EQUAL, DIVERSE &
INCLUSIVE WORKPLACES!**



EMPOWERNOW.CO



Ert þú verðandi endurskoðandi?

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum með viðskiptamenntun sem vilja læra um og vinna við reikningsskil og endurskoðun ársreikninga.

Við hvetjum áhugasama jafnt á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu að sækja um starf á einni af skrifstofum KPMG. Stefnt er að því að taka á móti nýju starfsfólki í haust.



Nánari upplýsingar um störfín má finna á kpmg.is eða í QR kóða. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní.



KPMG er alþjóðlegt fyrirtæki sem býður upp á tækifæri til starfsþróunar og fræðslu í sveigjanlegu vinnuumhverfi. Hjá KPMG starfa um 280 einstaklingar á 16 skrifstofum um land allt með fjölbreytta menntun og reynslu sem þjónusta viðskiptavini í einka- og opinbera geiranum.



Spennandi tækifæri fyrir efnafræðing

Óskum eftir að ráða sölustjóra með menntun í efnafræði eða öðrum náttúruvísindagreinum til starfa. Um er að ræða starf á fyrirtækjasviði Olís og er aðaláherslan á innkaup, sölu og ráðgjöf vegna efnavöru.

Helstu verkefni:

- Samskipti við birgja og viðskiptavini
- Tilboðs- og samningagerð
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Þróun vöruvals
- Þátttaka í áætlanagerð

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í efnafræði eða öðrum náttúruvísindagreinum
- Reynsla af sölu og innkaupum æskileg
- Góð almenn tölvuþekking
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulag og frumkvæði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir berist til mannauðsstjóra Olís, merktar „Sölustjóri í efnavöru“ á rbg@olis.is fyrir 26. júní 2022



JAFNLAUNAVOTTUN
2022-2025

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, uppbyggileg samskipti og fagleg vinnubrögð.





Viltu vera samferða okkur?

Deildarstjóri tæknimála ökutækja og innviða

Deildarstjóri ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með starfi deildarinnar, rekstri og stjórnun hennar frá degi til dags, sem og þróun til framtíðar.

Í boði er áhugavert nýtt starf á sviði umferðar. Í því felst að einfalda stjórnsýslu og rafvæða ferla í takt við nýja heildarstefnu Samgöngustofu.

Í boði er spennandi starf á eftirsóknarverðum og framsæknum vinnustað í alþjóðlegu umhverfi. Við byggjum á liðsheild og bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Kerfisstjóri

Kerfisstjóri sér um rekstur tölvukerfa Samgöngustofu. Meðal helstu verkefna er daglegur rekstur á netþjónum, gagnagrunnum og ýmis önnur verkefni innan deildarinnar, t.a.m. uppsetning á netþjónum, auk vinnu við eftirlitskerfi sem og notendaþjónustu.

Starfinu fylgja mikil samskipti við ytri og innri hagaðila.

Nánari upplýsingar um störfin:
www.samgongustofa.is/storf

Umsóknarfrestur er til **24. júní 2022**.

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Pennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Talmeinafræðingur í verktöku á leikskóladeild Kópavogsbæjar

Kópavogsbær leitar eftir talmeinafræðingi í verktöku.

Menntasvið Kópavogsbæjar rekur 19 leikskóla í sveitarfélaginu auk tveggja þjónusturekinna leikskóla. Þar að auki er einn einkarekinn leikskóli. Í leikskólum Kópavogs eru u.þ.b. 2100 börn og um 700 starfsmenn í um 550 stöðugildum.

Kópavogsbær er barnvænt og heilsueflandi samfélag og víða er unnið að innleiðingu Barnasáttmálans. Starf leikskóla Kópavogs einkennist af faglegum metnaði þar sem lögd er áhersla á skapandi og ánægjulegt starfsumhverfi barna og starfsmanna.

Talmeinafræðingur sinnir m.a. greiningum á málþroska- og framburðarfrávikum, talþjálfun, ráðgjöf og fræðslu til foreldra og starfsfólks leikskóla.

Mikilvægt er að talmeinafræðingur sé jákvæður og uppbyggjandi í samskiptum, hafi ríkan vilja til að ná árangri og brennandi áhuga á að veita börnum, foreldrum og starfsfólki ráðgjöf.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Löggiltur talmeinafræðingur.
- Réttindi á helstu próftæki.
- Reynsla af vinnu með börnum á leikskólaaldri æskileg.
- Góð færni í mannlegum samskiptum, skipulagsfærni og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Færni til að tjá sig bæði í ræðu og riti.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi við aðra sérfræðinga.

Umsóknarfrestur er til og með 27. júní 2022. Ráðið verður í stöðuna eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar <https://kopavogur.alfred.is/>

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfred.



Kópavogsbær

kopavogur.is



LEITAR AÐ STARFSMANNI

Lind fasteignasala auglýsir eftir starfsmanni í bókhald og önnur tengd verkefni í 50% starf.

Umsækjendur þurfa að hafa kunnáttu á bókhaldsstörfum og DK hugbúnaðinum.



Umsóknir berist til kristjan@fastlind.is fyrir 1. júlí 2022



Erum við að leita að þér?



Við leiðum fólk saman



HAGVANGUR



hagvangur.is



B.Ó. SMÍÐIR

B.Ó. Smíðir ehf. óska eftir að ráða smíði í vinnu

Umsóknir og fyrirspurnir má senda á bosmidir@bosmidir.is

Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur

AVANT



Íslyft vill ráða vélvirkja eða menn vana tækjaviðgerðum.

Starfið er mjög fjölbreytt

Íslyft & Steinbock þjónustan er búin að vera starfandi síðan 1972.

Íslyft er m.a. með umboð fyrir Linde, John Deere, Avant, Manitou, Konecrane og Combilift.

Íslyft er öruggur og skemmtilegur vinnustaður og hvetjum við þig til að sækja um.

Framtíðarstarf hjá öruggu fyrirtæki.

Vinsaml. sendið umsóknir á islyft@islyft.is



Íslyft ehf er sérhæft fyrirtæki í sölu og þjónustu á lyfurum og dráttarvélum. Íslyft ehf hefur haft mesta markaðshlutdeild í sölu á lyfurum sl 25 ár



Barnaheill

Sérfræðingur í fræðslu og forvörnum gegn ofbeldi á börnum

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leita að starfsmanni í forvarna- og fræðslustarf samtakanna.

Helstu verkefni:

- Skipulag, umsjón og framkvæmd fræðslu, námskeiða og fyrirlestra forvarnaverkefna samtakanna gegn ofbeldi á börnum s.s. Vináttu og Verndara barna
- Þátttaka í þróun forvarna- og fræðslustarfs samtakanna
- Samskipti við skóla og frístundaheimili vegna fræðslu og kynninga
- Greinaskrif og miðlun upplýsinga
- Önnur tilfallandi störf tengd innlendum verkefnum samtakanna

Helstu hæfnikröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. félagsráðgjöf, uppeldisfræði, kennslufræði, sálfræði, kynjafræði, tómstundafræði eða aðrar sambærilegar greinar.
- Afburðarhæfni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi hæfni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Óbilandi áhugi á málefnum barna og velferð þeirra
- Reynsla af starfi með börnum eða málefnum tengdum þeim er kostur
- Þekking á barnaverndarmálum kostur
- Þekking á mannréttindum barna er kostur
- Kostur ef viðkomandi hefur unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla og/eða setið námskeið Verndara barna

Starfsmaðurinn þarf að vera með hreint sakavottorð og verður að gangast við öllum þeim starfs- og siðareglum sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa sett sér og koma fram á vefsíðu samtakanna sem og barnaverndarstefnu samtakanna.

Skrifstofa Barnaheilla er fjölskylduvænn vinnustaður, staðsett miðsvæðis í Reykjavík. Starfsmenn Barnaheilla eru einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn og áhersla er lögð á góðan starfsanda. Leitast er við að starfa í samræmi við hugmyndafræði þjónandi forystu.

Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Umsóknarfrestur er til og með 26. júní.



